

Með þessum pósti vil ég sækja um áframhaldandi fjármagn frá Fjarðabyggð vegna fornleifarannsókna í Stöð á Stöðvarfirði. Fjarðabyggð hefur lagt verkefninu til eina milljón króna á ári hverju og það hefur skipt sköpum um framgang verkefnisins. Núna langar stjórn Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði að spryra hvort hægt sé að hækka þetta framlag eitthvað vegna þess önnur fjárfamlög innan fjórðungs hafa að mestu burrkast upp.

Verkefnið fékk á þessu ári 2,5 milljónir króna úr fornminjasjóði og hefur framlagið þaðan aldrei verið lægra. Vinnan í sumar markaðist af fjárskorti og unnið var í þrjár vikur í stað fjögurra.

Þessar rannsóknir eru afar merkilegar en í Stöð er verið að fletta ofan af einu elsta húsi sem fundist hefur á Íslandi, húsi sem að öllum líkindum var reist skömmu eftir aldamótin 800 og þar með hefur sögu landnáms á Íslandi verið breytt. Það gerist einmitt hér í Fjarðabyggð og það er okkar von að sem flestir sjái hvílík menningarverðmæti þetta eru fyrir sveitarfélagið.

Á Seyðisfirði er verið að rannsaka fornar rústir einnig en þar er fjármagn nær ótakmarkað vegna þess að um framkvæmdauppgröft er að ræða, þ.e.a.s. það stendur til að reisa varnargarða þar sem minjarnar eru og því greiðir framkvæmdaraðili fyrir rannsóknirnar til þess að geta hafist handa við garðana sem fyrst.

Því er ekki til að dreifa í Stöð (nema bæjaryfirvöld geti sannfært ISAVIA um að leggja flugbraut í Stöðvardal) og þess vegna þurfum við að væla út hverja einstu krónu sem þarf til verkefnisins.

Í viðhengi er skýrsla fyrir verkefnið um vinnuna 2021 því skýrsla þessa árs er ekki tillbúin og hér er hlekkur á Facebook-síðu verkefnisins: <https://www.facebook.com/groups/322736717850200>

Með von um góðar viðtökur
f.h. Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði

Björgvin Valur Guðmundsson
formaður
s. 8690117